

Forsætisnefnd

### ***Stofnun Listasafns Nínu Tryggvadóttur***

Á fundi borgarráðs þann 24. júní 2021 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, samþykkt, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita borgarstjóra heimild til að undirrita hjálagðan samning fyrir hönd Reykjavíkurborgar um gjöf til stofnunar Listasafns Nínu Tryggvadóttur. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að stofna Listasafn Nínu Tryggvadóttur sem stofnun Reykjavíkurborgar samkvæmt hjálagðri samþykkt. Samþykkt fyrir safnið verði send forsætisnefnd til umfjöllunar.

Það tilkynnist hér með.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Nína Tryggvadóttir er einn af ástsælustu listamönnum þjóðarinnar. Hér er verið að samþykkja stofnun safnsins ásamt samningi á um 1.500 verkum eftir listakonuna. Þá mun gefandi, Una Dóru Copley sem er dóttir Nínu, arfleiða safnið af öllum sínum eignum. Safnið verður staðsett í austurhluta Hafnarhússins.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:  
Tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021